



Sveitarstjórnarfundur 11. ágúst 2025

Mánudaginn 11. ágúst 2025 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 33. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Hildur Aradóttir, Arnlín Óladóttir og Sunna Einarsdóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Oddviti leitar afbrigða sbr. lið nr. 9, 10 og 11.

Dagskrá 33. fundar:

1. Fundargerð 32. sveitarstjórnarfundar 22.06.2025.
2. Fundargerðir nefnda.
3. Aðrar fundargerðir.
4. Lántaka.
5. Leiga á Vitavegi 1 og 3.
6. Umsóknir leiguhúsnæða.
7. Umsóknir lóða.
8. Ungmennahúsið Vestfjarða.
9. Sameiningarviðræður við Árneshrepp
10. Tilnefning í velferðarnefnd
11. Skipan í verkefnastjórn Brotthættra byggða

HCF
H
Sunna
A/O

Fundargerð:

1. Fundargerð 32. sveitarstjórnarfundar 22.06.2025

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir.

3. Aðrar fundargerðir

- a. 69. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn í fjarfundi og staðfundi á skrifstofu Vestfjarðastofu á Ísafirði þann 30. apríl.
Fundargerð lögð fram til kynningar.

4. Lántaka.

Oddviti fer yfir komandi fjárfestingar sveitarfélagsins sem koma til vegna uppbyggingar á Drangnesi.

Sveitarstjórn ákveður að leita tímabundinnar yfirdráttarheimildar hjá Sparisjóði Strandamanna allt að 30 milljónum króna.

Oddviti falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

5. Leiga á Vitavegi 1 og 3.

Oddviti fer yfir stöðu mála við framkvæmdir á fasteignum að Vitavegi 1 og 3.
Gerð er grein fyrir frágangi lóða

Sveitarstjórn ákveður að leiguverð húsanna verði 1.600kr.- á fermetra ásamt því að leigandi greiði hita og rafmagn.
Borið upp og samþykkt.

6. Umsóknir um leiguhúsnæði í Kaldrananeshreppi

Kaldrananeshreppi hafa borist fjórar umsóknir að húsnæði á Drangsnesi.

Sveitarstjórn fór yfir umræddar umsóknir.
Oddvita falið að bregðast við í samræmi við vilja sveitarstjórnar.
Borið upp og samþykkt.

7. Umsóknir lóða.

Hreppnum barst ein umsókn þar sem óskað var eftir því að fá leigða lóð númer 3 í landi Klúku í Bjarnarfirði.

Sveitarstjórn tekur vel í umsóknina og samþykkir að afhenda umbeðna lóð með þeim skilyrðum að framkvæmdir yrðu hafnar innan árs ásamt því að stofngjöld vatns- og hitaveitu verða greidd.
Oddvita falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

8. Ungmennahúsið Vestfjarða.

Erindi barst frá Vestfjarðastofu er óskaði eftir tilnefningu um fulltrúa sveitarfélagsins á pallborðsumræður Ungmennahúss Vestfjarða.

Sveitarstjórn ákveður að tilnefna Guðbjörgu Ósk Halldórsdóttur.
Oddvita falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

9. Sameiningarviðræður við Árneshrepp

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps hefur farið yfir tilboð frá KPMG í ráðgjafajónustu í óformlegum sameiningarviðræðum við Árneshrepp.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps samþykkir tilboð með þeim fyrirvara að framlag vegna kostnaðar fáið frá Jöfnunarsjóði.
Sveitarstjórn tilnefnir Finn Ólafsson og Hildi Aradóttur í þá vinnu með KPMG.
Oddvita falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

10. Tilnefning í undirbúningshóp Farsældaráðs Vestfjarða

Sveitarstjórn tilnefnir Hildi Aradóttur sem áheyrnarfulltrúa í Farsældaráðs Vestfjarða.
Oddvita falið að bregðast við.

HLE
H
Summe
A'O

Borið upp og samþykkt.

11. Skipan í verkefnastjórn Brotthættra byggða

Sveitarstjórn tilnefnir Hildi Aradóttur fyrir hönd sveitarstjórnar.

Anna Björg Þórarinsdóttir og Mikael Rafn Steingrímsson eru tilnefnd fyrir hönd íbúa.

Oddvita falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 22:15

Fiorent Anton
Halldór Lógi
Sunnar Línarsdóttir
Arnlin Ólafsdóttir